



Vesturbyggð
Aðalstræti 75
450 Patreksfirði

Dagsetning 8.5.2026
Málsnúmer IRN26040127

Endurskoðun byggðakvótakerfisins – umsagnarbeiðni til sveitarfélaga

Innviðaráðuneytið hefur hafið heildarendurskoðun á byggðakvótakerfinu þ.m.t. með það að markmiði að móta skýrari, markvissari og skilvirkari umgjörð um ráðstöfun þeirra aflaheimilda sem ætlaðar eru til stuðnings sjávarbyggðum.

Í því skyni er óskað eftir umsögn sveitarfélaga sem hafa notið almenns og/eða sértæks byggðakvóta (Aflamarks Byggðastofnunar) um áhrif þessara veiðiheimilda á sveitarfélagið og einstök byggðarlög innan þess, ef við á. Sérstök áhersla er lögð á að umsagnir endurspegli bæði reynslu af núverandi fyrirkomulagi og afstöðu til framtíðarskipanar kerfisins.

Óskað er eftir að umsagnir berist með því að svara meðfylgjandi atriðum til umsagnar. Heimilt er að skila frekari athugasemdum eða greinargerð samhliða, en svör við atriðunum teljast meginhluti umsagnar.

Til grundvallar vinnunni liggja skýrslur og tillögur sem unnar hafa verið á undanförunum árum. Yfirlit yfir helstu atriði þeirra fylgir bréfi þessu sem fylgiskjal til upplýsingar.

Óskað er eftir að umsagnir berist eigi síðar en 26. maí 2026.

Nánari upplýsingar veitir Leifur Arnkell Skarphéðinsson.

Fyrir hönd ráðherra,

Aðalsteinn Þorsteinsson

Leifur Arnkell Skarphéðinsson

Atriði til umsagnar

Óskað er eftir að sveitarfélög veiti umsögn við eftirfarandi atriði. Æskilegt er að svör séu skýr og studd rökum. Heimilt er að vísa til fylgigagna eftir því sem við á.

1. Markmið byggðakvótakerfisins

Hver teljið þið að eigi að vera meginmarkmið byggðakvótakerfisins til framtíðar? Í umsögn er óskað eftir að sveitarfélagið taki afstöðu til þess hvaða þættir eigi að vega þyngst, svo sem:

- a. Stuðningur við atvinnu og vinnslu í viðkomandi byggðarlagi,
- b. trygging landana,
- c. almennur stuðningur við sveitarfélög/byggðarlag,
- d. eða önnur markmið.

2. Reynslan af núverandi fyrirkomulagi

Hvernig hefur núverandi fyrirkomulag byggðakvóta nýst í ykkar sveitarfélagi eða einstökum byggðarlögum innan þess? Í umsögn er sérstaklega óskað eftir að tilgreind séu dæmi um aðstæður þar sem:

- a. Fyrirkomulagið hefur stutt markmið kerfisins, og
- b. fyrirkomulagið hefur sett takmarkanir á nýtingu eða áhrif byggðakvóta.

3. Framtíðarfyrirkomulag kerfisins

Í fyrirleggjandi umræðu hafa einkum komið fram þrjár meginleiðir:

- a. Áframhaldandi þróun núverandi kerfis,
- b. aukin áhersla á samningsbundnar og markvissari útfærslur,
- c. aukinn fjárhagslegur stuðningur í stað beinnar úthlutunar aflaheimilda (t.d. innviðaleið).

Óskað er eftir að sveitarfélagið taki afstöðu til þessara leiða og rökstyðji hvaða nálgun teljist heppilegust, hvort sem um er að ræða eina þeirra eða sambland og hvort aðstæður séu mismunandi innan byggða sveitarfélagsins, ef við á.

4. Tímalengd og fyrirsjáanleiki

Hversu mikilvægt teljið þið að tryggja fyrirsjáanleika í ráðstöfun byggðakvóta til lengri tíma? Í umsögn er óskað eftir að fjallað sé um:

- a. Hvaða tímabil teljið þið heppilegt við úthlutun eða samninga (t.d. 3, 6 eða 10 ár),

- b. hvort og þá með hvaða hætti ætti að endurskoða ráðstöfun á samningstíma,
- c. og hvaða áhrif lengri eða skemmri tímabil hafa að ykkar mati á nýtingu, fjárfestingu og atvinnuuppbyggingu í viðkomandi byggðarlagi.

5. Árangursmæling og eftirfylgni

Hvernig teljið þið að best sé að meta árangur byggðakvótakerfisins? Í umsögn er óskað eftir að fjallað sé um:

- a. Hvaða mælikvarðar ættu að liggja til grundvallar (t.d. atvinnuáhrif, landanir, verðmætasköpun eða önnur áhrif),
- b. hvort og þá hvernig setja eigi fram skýr markmið fyrir ráðstöfun byggðakvóta,
- c. með hvaða hætti ætti að haga reglubundnu mati og eftirfylgni með árangri.

6. Almennur byggðakvóti

Hvert teljið þið að hlutverk almenns byggðakvóta eigi að vera til framtíðar? Í umsögn er óskað eftir að fjallað sé um:

- a. Hvort og hvernig hann stuðlar að markmiðum kerfisins,
- b. hvaða breytingar á úthlutun eða ráðstöfun gætu aukið áhrif hans,
- c. og hvort ástæða sé til grundvallarbreytinga á fyrirkomulagi hans.

7. Sértekur byggðakvóti

Hver er afstaða ykkar til hlutverks og fyrirkomulags sértæks byggðakvóta? Í umsögn er óskað eftir að fjallað sé um hvort:

- a. Hann eigi áfram að vera meginúrræði til að styðja tiltekin byggðarlög,
- b. þörf sé á breytingum á samningum, skilyrðum eða eftirfylgni,
- c. eða hvort aðrar útfærslur komi til greina.

8. Afmörkun þátttöku í kerfinu

Í fyrirliggjandi skýrslum hafa komið fram tillögur um að afmarka þátttöku í byggðakvótakerfinu, m.a. með hliðsjón af íbúafjölda sveitarfélaga. Jafnframt hefur verið bent á að slík afmörkun geti einnig þurft að taka mið af öðrum þáttum, svo sem stöðu byggðarlaga gagnvart stærri vinnusóknarsvæðum og fjölbreytni atvinnulífs. Óskað er eftir afstöðu sveitarfélagsins til þess:

- a. Hvort afmörkun þátttöku eigi að byggjast á einföldu og fyrirfram skilgreindu viðmiði (t.d. íbúafjölda) eða á samsettu mati þar sem fleiri þættir eru lagðir til grundvallar,

- b. hvaða viðmið eða samsetning viðmiða teljist heppilegust (t.d. íbúafjöldi, staðsetning gagnvart vinnusóknarsvæðum, atvinnuuppbygging),
- c. og hvernig slík afmörkun ætti að vera útfærð í framkvæmd til að tryggja að stuðningur beinist að þeim byggðarlögum sem hafa raunverulega þörf.

9. Ráðstöfun og skilyrði (m.a. vinnsluskylda)

Hvernig teljið þið að haga eigi skilyrðum um nýtingu byggðakvóta? Í umsögn er óskað eftir afstöðu til:

- a. Hlutverks vinnsluskyldu og hvort, og þá við hvaða aðstæður, réttlætanlegt sé að víkja frá henni,
- b. samstarfs milli byggðarlaga um nýtingu byggðakvóta,
- c. og annarra leiða til að auka sveigjanleika án þess að draga úr byggðaáhrifum.

10. Nýsköpun og þróunarverkefni

Teljið þið að hluti byggðakvótakerfisins eigi að nýtast sérstaklega til nýsköpunar eða tilraunaverkefna? Ef svo er, er óskað eftir að fjallað sé um:

- a. Hvernig slík ráðstöfun ætti að vera afmörkuð,
- b. hvaða verkefni gætu fallið þar undir,
- c. og hvaða árangur slík ráðstöfun þyrfti að skila til að teljast réttlætanleg.

11. Forgangsröðun

Að lokum er óskað eftir að sveitarfélagið tilgreini hvaða breytingar það telur mikilvægastar við endurskoðun kerfisins. Æskilegt er að tilgreind séu allt að þrjú atriði og að þau séu rökstudd í stuttu máli.

12. Önnur sjónarmið

Ef sveitarfélagið telur að fleiri atriði skipti máli við endurskoðun byggðakvótakerfisins er óskað eftir að þau komi fram.